



Fjölbrotaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

SJÚK2MS05
Sjúkdómafræði

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðar-möguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjukerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistrúflunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðaþátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjukerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðapátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjukerfi, stoð- og taugakerfi
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjukerfi, stoð- og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Námsefni: Sjúkdómar í mönnum. Bogi Ingimarsson. Iðnú, 1995. Kafli 1-7.

Áætlun yfirferðar:

Vika	Dagsetningar	Viðfangsefni	Verkefni og próf
1-2	1/1 - 12/1	1. kafli	Spurningar úr 1. kafla.
3-4	15/1 - 26/1	2. kafli	Spurningar úr 2. kafla.
5-6	29/1 - 9/2	3. kafli	Spurningar úr 3. kafla. Könnun úr 1-3. kafla.
7-8	12/2 - 23/2 Vetrarfrí 19+20/2	4. kafli	Spurningar úr 4. kafla.
9-11	26/2 - 15/3	VERKNÁM	
12	18/3 - 22/3	5. kafli	Spurningar úr 5. kafla. Könnun úr 4.-5. kafla.
13	Páskafrí		
14-15	1/4 - 12/4	6. kafli	Spurningar úr 6. kafla.
16-17	15/4 - 26/4	7. kafli	Spurningar úr 7. kafla. Könnun úr 6.-7. kafla.
18-19	29/4-8/5	Upprifjun	Síðasti kennsludagur er 8/5.

Námsmat:

Tegund	Lýsing	Vægi
Skilaverkefni:	Spurningar í lok hvers kafla.	30%
Lokapróf:	Próf úr öllu námsefninu.	70%

Nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir (á tilsettum tíma) og mæta samkvæmt mætingaskyldu skólans til að öðlast próftökurétt.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennari: Sigrún Ína Ásbergisdóttir (SÍA)

sigrun.ina.asbergisdottir@fsu.is